INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ
Mál. 11.11.4 Skjal. SbG
Innk. 29. APR. 2011
IRR 11040286

Innanríkisráðuneytið

Sólhólsgötu 7

150 Reykjavík

28. apríl 2011.

## Ósk um uppreist æru.

**Umsækjandi:**
Jón Matthías Bergsson, kt. 180680-4119, [redacted] óskar með bréfi þessu eftir að verða veitt uppreist æru, skv. 1. tl. 85.gr. alm.hgl. 19/1940, sbr. 84. sl.

**Forsendur:**
Ég lauk afplánun 2 ára fangelsisdóms í mars 2005. Frá þeim tíma hefur hegðun mín verið til fyrirmyndar eins og krafist er skv. 85. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þá eru tímamörk skv. 2. mgr. 85. gr. laganna einnig liðin.

**Rökstuðningur**
Undanfarin 5 ár eða frá því fangavist mín var að fullu afplánuð hefur hegðun mín og framganga orðið til farsældar. Fljótlega að lokinni afplánun hóf ég nám i í lögfræði við Háskólann í Reykjavík og mun að öllu óbreyttu ljúka ML gráðu vorið 2011. Þá hef ég stofnað fjölskyldu og eignast barn með unnustu minni en auk þess höfum við eignast eigin íbúð í Reykjavík.

Mér er mjög mikilvægt að hljóta uppreist æru, ekki síst vegna náms míns og réttinda sem því tengjast. Jafnframt er þess er krafist varðandi málflutningsréttindi fyrir dómstólum, en slík réttindi eru eðlilegt framhald náms míns.

Virðingarfyllst,

Jón M. Bergsson stud.jur.

INNANRÍKIS ··'NEYTIÐ
Ml. 11.11.4 Ábm. SPG
Innk. 18. MAÍ 2011
IRR 11040286

Innanríkisráðuneytið
Sölvhólsgötu 7
150 Reykjavík

[redacted] 16. maí 2011.

Til mín hefur leitað vinur minn og skólabróðir Jón Matthías Bergsson vegna umsagnar sem ráðuneytið hefur óskað eftir í sambandi við umsókn hans um að fá uppreist æru.

Ég hef þekkt Jón Matthías í næstum fimm ár, en honum kynntist ég þegar við hófum nám við lagadeild Háskólans í Reykjavík, haustið 2006. Strax í upphafi fyrstu annar tókst á mikil og góð vinátta okkar á milli sem ég er sannfærð um að aldrei muni rofna.

Kynni mín af Jóni eru eingöngu af jákvæðum toga, en hann er einstaklega opinn og hjartahlýr maður og er góður faðir og stjúpfaðir að ég veit. [redacted] enda er honum annt um heilbrigt og eðlilegt fjölskyldulíf. Hann hefur sinnt námi sínu við Háskólann í Reykjavík af mikilli elju og dugnaði og sér nú fyrir endann á því.

Jón er traustur, heiðarlegur og góður vinur með einstaklega sterka réttlætiskennd, sem skýrir e.t.v. að einhverju leiti áhuga hans á lögfræði.

Eftir andlát eiginmanns míns, [redacted] kom berlega í ljós hverjir eru vinir í raun. Jón er og hefur verið einstaklega tryggur og góður vinur minn í gegnum þá raun sem seint verður fullþakkað fyrir.

Ég mæli eindregið með því að Jón Matthías fái uppreist æru, þar sem hann hefur með framkomu sinni og viðmóti, þann tíma sem ég hef þekkt hann, ekki sýnt mér né öðrum sem hann þekkja neitt nema góða vináttu og virðingu. Hann á það að mínu mati einfaldlega skilið og hefur fyllilega til þess unnið.

Virðingarfyllst,

Margrét H. Steingrímsdóttir

Skipholt 50d
105 Reykjaví
sími 515 180
fax 515 1809
versus@vers
www.versus

Til hlutaðeigandi

Ég undirritaður lögmaður, Guðmundur St. Ragnarsson, hdl., óska þess að veita Jóni Matthíasi Bergssyni, kt. 180680-4119, meðmæli mín vegna umsóknar hans um uppreist æru. Ég er vel meðvitaður um fangavist Jóns og þá leið sem hann hefur valið sér í lífinu.

Þegar Jón var vistaður á Litla-Hrauni setti hann sér markmið sem mér eru vel kunnug. Markmið hans voru þau að eignast börn og fjölskyldu, giftast unnustu sinni, ljúka laganámi og eignast íbúð. Hann hefur í dag náð öllum þessum markmiðum utan þess sem hann hefur enn ekki beðið um hönd unnustu sinnar þrátt fyrir hvatningu til þess. Ekki er hægt að efast um að Jón hefur verið til sóma og mörgum til hvatningar.

Ætlun mín er leggja mitt af mörkum til þess að hann hljóti uppreist æru sinnar og haldi áfram á þeirri braut sem hann hefur markað sér. Það er von mín að ég eigi eftir að sjá hann í röðum lögmanna og fara með þann sýslan sem því starfi fylgir. Til þess tel ég að Jón sé afar hæfur.

Með tilliti til þeirra sjónarmiða sem búa að baki lagareglna um uppreist æru og mikilvægi einstaklingsfrelsis mæli ég eindregið með því að Jón Matthías Bergsson hljóti uppreist æru í samræmi við venjur og reglur þar um.

Sé óskað frekari upplýsinga um Jón Matthías, nám hans, hegðun eða framgöngu er þess óskað að haft verði samband við undirritaðan.

Reykjavík, 17. maí 2011,
Virðingarfyllst,

Guðmundur St. Ragnarsson, hdl.

Tillaga
til
forseta Íslands
um uppreist æru.

Jón Matthías Bergsson, kt. 180680-4119, til heimilis að
hefur farið þess á leit að honum verði veitt uppreist æru sinnar, að því er snertir dóm Hæstaréttar Íslands, uppkveðinn 9. október 2003, þar sem honum var gert að sæta 2 ára óskilorðsbundinni refsivist fyrir brot gegn almennum hegningarlögum

Með því að skilyrði þykja nú vera fyrir hendi til þess að verða við framangreindri beiðni, vil ég leyfa mér að leggja til, að yður, forseti Íslands, mætti þóknast

að veita nefndum Jóni Matthíasi Bergssyni uppreist æru sinnar að því er snertir framangreindan dóm.

Fallist á tillöguna.
Bessastöðum
11. ágúst 2011
Ólafur Ragnar Grímsson

Í innanríkisráðuneyti,
30. júní 2011.

Allravirðingarfyllst,

Ögmundur Jónasson

Ragnhildur Hjaltadóttir